

## Verðfyrirspurn nr. 24010

### Heiti verkefnis: Ytra byrði Leikskála

Mýrdalshreppur óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við ytra byrði félagsheimilisins Leikskála í Vík í Mýrdal. Verkið felst í múrviðgerðum og málningu hússins auk uppsetningar glugga og nýrra hurða og skal framkvæmdum lokið haustið 2024.

Verðfyrirspurn þessi er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

### Umsjónaraðili verðfyrirspurnar

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17 – Vík

Sími: 4871210

Verkefnastjóri: Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri

Netfang: sveitarstjori@vik.is

- Verðfyrirspurn send út: 4. apríl 2024
- Fyrirspurnarfrestur: 11. apríl 2024
- Svarfrestur: 12. apríl 2024
- Skilafrestur: 19. apríl 2024
- Afhendingartími: Vinnu skal lokið fyrir 30. september 2024.

Hafi bjóðandi fyrirspurnir varðandi verðfyrirspurn þessa skulu þær sendar á ofangreint netfang og verður þeim svarað fyrir 12. maí 2023. Svör við fyrirspurnum verða birt á: <https://www.vik.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingamal/framkvaemdir>

Bjóðendur skulu skila tilboðum sínum á rafrænu formi í tölvupósti á [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is) merkt: *Verðfyrirspurn 24010 – Leikskálar, ytra byrði*

Skyldubundnar útilokunarástæður 68. gr. laga um opinber innkaup ( OIL ) eiga við um bjóðanda. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um skil á opinberum gjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum hjá þeim aðila sem verður valinn og áskilur sér rétt til að hafna tilboðum frá aðilum sem ekki uppfylla kröfur með tilliti til valkvæðra útilokunarástæðna 68. gr. OIL.

Forsendur fyrir vali á tilboðum eru hagkvæmustu kaup, þ.e. mat á þeim gæðum og verkþáttum sem boðin eru til móts við verð. Um þessi innkaup gilda bæði 24. grein og 2. mgr. 29. gr. laga um opinber innkaup.

Ef tilboði verður tekið er kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

## Umfang verðfyrirspurnar

Verkið felst í múrviðgerð og málun félagsheimilisins Leikskála í Vík. Slípa skal og þvo ytra byrði hússins og gera við kanta. Fylla skal í sprungur og fjarlægja skemmdan eða lausan múr og múra að nýju. Að loknum múrviðgerðum skal mála húsið í samræmi við myndir hér fyrir neðan. Stærri hluti hússins verður málaður í pósthúsrauðum lit og viðbygging í gráum. Einnig skal setja upp tvo glugga á austurgafli (gulmerkt með hring á mynd) og skipta um hurðar við aðalinngang og svið (blámerkt með hring á mynd). Verktaki sér um pöntun og kaup á hurðum og gluggum.



Kaupandi áskilur sér rétt til þess að óska eftir upplýsingum sem geta sýnt fram á hæfi bjóðanda. Miðað skal við að ársvelta bjóðanda sé ekki undir 50 milljónum króna og að hann geti sýnt fram á að hafa áður skilað af sér sambærilegu verki vandkvæðalaust.

Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast tafabóta kr. 30.000- fyrir hvern almanaksdag sem dregst að ljúka verkinu umfram tilgreindan afhendingartíma, 30. september 2023. Þetta gildir í öllum tilvikum nema að samið hafi verið af einhverjum ástæðum um framlengingu á verktíma.

## Val tilboðs/valforsendur

Val tilboðs grundvallast á lágsta verði skv. tilboði í hið boðna.

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum.

## Verð

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljóttast af vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talinn rekstrarkostnað. Samningsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

Magnskrá:

Viðgerð slípun veggja og spúlun	411 m <sup>2</sup>
Múr húðun filtun	411 m <sup>2</sup>
Múr húðun kanta	232 metrar
Múr viðgerðir kanta	48 lengdarmetrar
Skera fletta lausum múr og gera við	30,44 m <sup>2</sup>
Grunna veggj	411 m <sup>2</sup>
Málun kanta	232 lengdarmetrar
Málun veggja	411 m <sup>2</sup>
Pallar	
Aðstaða	